



# Skýrsla stjórnar Alnæmisbarna árið 2011

Lögð fram á aðalfundi Alnæmisbarna 3. apríl 2012

## 1. Félagið Alnæmisbörn

Félagið Alnæmisbörn var stofnað vorið 2004 til að styðja starf samtakanna Candle Light Foundation (CLF) í Kampala í Úganda sem Erla Halldórsdóttir, heitin, stofnaði árið 2001. Tilgangurinn með stofnun CLF og Alnæmisbarna var sá sami, að styðja ungar stúlkur sem áttu um sárt að binda vegna alnæmis til þess að hefja nýtt líf. Stuðningur Alnæmisbara við CLF árið 2011 fólst í að greiða kostnað vegna skólagöngu stúlkna á vegum CLF.

## 2. Stjórn og starfsemi Alnæmisbarna

### Stjórn

Ný stjórn tók við á aðalfundi Alnæmisbarna í mars 2011. Úr fyrri stjórn gengu Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, Ásdís Ólafsdóttir og Lárus Valgarðsson. Í þeirra stað tóku sæti: Margrét Skúladóttir, Dögg Guðmundsdóttir og Harpa Hauksdóttir. Ný stjórn skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum og er Sigríður Baldursdóttir formaður, Hildur Gestsdóttir varaformaður og gjaldkeri, Sigurlaug Hauksdóttir ritari og Ragna Karlsdóttir, Margrét Skúladóttir, Dögg Guðmundsdóttir og Harpa Hauksdóttir meðstjórnendur.

Stjórnin hélt alls sjö stjórnarfundum á árinu. Fundirnir voru vel sóttir og margvísleg málefni Alnæmisbarna rædd þar, svo sem stuðningur Alnæmisbarna við skólastúlkur á vegum CLF, fjármál félagsins, fjáröflun og möguleikar á því að sækja um styrk frá Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) ásamt mikilvægi eftirlits og samvinnu við CLF. Fundargerðir stjórnarfunda, skýrslur stjórnar og fréttir af starfi félagsins eru á vefsíðu Alnæmisbarna, [www.hiv-born.is](http://www.hiv-born.is).

### Stuðningur við skólastúlkur

Alnæmisbörn greiddu skólakostnað vegna 22 stúlkna í upphafi árs 2011. Flestar stúlkanna voru í námi á fyrsta og öðru skólastigi, sem tekur samtals 13 ár, en þrjár stúlkur stunduðu diplóma nám við háskóla. Árið 2012 munu Alnæmisbörn styðja 20 stúlkur til náms.

### Fjáröflun

Alnæmisbörn stóð fyrir tveimur fjáröflunum árið 2011. Helgina 24.-25. september var sala á óskilafatnaði, útifötum og íþróttafatnaði í Kolaportinu og söfnuðust 46.000 kr. Einnig var haldin sala á brauði, kökum, kertum og hálsfestum í Kringlunni þann 26. nóvember og söfnuðust þar 289.728 kr. og er þá talin með sala á þeim hálsfestum og kertum sem gengu af eftir Kringlusöluna, sem félagsmenn Alnæmisbarna tóku að sér.

Stór hluti af hagnaðinum í Kringlunni kom af sölu á hálsfestum sem stúlkurnar hjá CLF búa til úr pappír. Þær hálsfestar sem seldust ekki í Kringlunni voru seldar til vina og ættingja. Hagnaðurinn af sölu hálsfestanna skiptist í tvennt, hluti hagnaðarins fór beint til CLF og hluti fór til Alnæmisbarna til þess að styðja stúlkur til náms.

### **Heimasíða, fjölmiðlun og þátttaka**

Á heimasíðu Alnæmisbarna, [www.hiv-born.is](http://www.hiv-born.is), birtast fréttir af starfi Alnæmisbarna og þar er m.a. hægt að nálgast lög félagsins, fundargerðir skýrslur stjórnar allt frá stofnfundi félagsins árið 2004 og upplýsingar um stúlkur sem Alnæmisbörn styrkja til náms. Sérstakur tengill er á CLF á heimasíðunni.

Alnæmisbörn keyptu myndavél fyrir CLF og fékk Rosette hana í júlí. Myndavélin hefur verið notuð til þess að taka myndir af stúlkunum og starfseminni fyrir heimasíðuna. Þetta hjálpar Alnæmisbörnum og styrktaraðilum að sjá með eigin augum hvernig starfsemin gengur.

Sigurlaug Hauksdóttir, ritari Alnæmisbarna, skrifaði ritrýnda grein sem byggir á viðtölum við 15 stúlkur í CLF um áhrif alnæmisfaraldursins á líf þeirra o.fl. Greinin, „Áhrif alnæmisfaraldursins á ungar stúlkur í Úganda, rofin fjölskyldutengsl í Úganda“ birtist í Tímariti félagsráðgjafa (1.TBL. 5. árgangur, bls. 22-31) og má finna á vefslóðinni: [http://www.felagsradgjof.is/images/stories/timarit/Timarit\\_Felagsradgjafa\\_VEF.pdf](http://www.felagsradgjof.is/images/stories/timarit/Timarit_Felagsradgjafa_VEF.pdf) Sigurlaug Hauksdóttir hélt einnig erindi um greinina undir titlinum „Áhrif alnæmisfaraldursins á ungar stúlkur í Úganda“ á Vísindadegi félagsráðgjafa LSH 13 maí 2011.

### **Fundir**

Tveir stjórnarmeðlimir, Sigríður Baldursdóttir og Dögg Guðmundsdóttir, sátu fund með ábyrgum aðila hjá Þróunarsamvinnustofnun Ísland (ÞSSÍ) til þess að ræða möguleika á því að sækja um styrk fyrir CLF. ÞSSÍ hefur aukið stuðning sinn við frjáls félagasamtök á árinu og er hægt að sækja um tvisvar á ári. Ákveðið var að skoða hvort sækja eigi um styrk til þess að byggja hús en fyrst verður einhver úr stjórn að fara til Úganda til þess að skoða stöðu mála og athuga hvort það sé raunhæft verkefni.

## **3. Fjármál**

### **Tekjur**

Tekjur félagsins af félagsgjöldum og styrkjum sem félagsmenn greiða voru alls 511.500 kr. árið 2011, þar af mest megnis styrkir. Tuttugu og sjö félagsmenn greiða reglulega til félagsins. Tekjur af félagsgjöldum og styrkjum fara í að greiða kostnað vegna skólagöngu ungra bágstaddra stúlkna á vegum CLF. Alnæmisbörn sóttu um fleiri styrki á árinu, en hlutu enga frekari styrki.

## Útgjöld

Kostnaður vegna skólagöngu stúlkna árið 2011 var 953.766 kr. Útgjöld sem félagið bar árið 2011 komu til vegna vefsíðu Alnæmisbarna, fjármagnstekjuskatts á reikninga félagsins, kaupa á myndavél fyrir CLF og annars kostnaðar, samtals 63.976 kr. Stofnaður var bankareikningur í Úganda til þess að millifæra peninginn, en áður var allur peningur sendur í gegnum Western Union. Þetta minnkar töluvert kostnaðinn við að senda pening frá Íslandi til Úganda. Vinna við umsýslu félagsins og önnur vinna tengd starfsemi félagsins er ólaunuð.

## Reikningar Alnæmisbarna

Fjármunir félagsins Alnæmisbörn eru varðveittir á þremur reikningum. Aðalreikningurinn er notaður fyrir starfsemi félagsins. Árið 2010 fengu Alnæmisbörn styrk frá Auði Capital vegna skólagöngu stúlkna. Sá styrkur er varðveittur á sérstökum innlánsreikning óviðkomandi starfsemi og rekstri Alnæmisbarna. Einnig er debetreikningur sem er notaður fyrir almenn útgjöld og við millifærslu til Úganda. Staða á reikningi sem er notaður fyrir starfsemi Alnæmisbarna var 631.170 kr. í árslok 2011, 446.520 kr. á Auðar Capital reikning og 10.425 kr. á debetreikningi.

## Millifærslur

Alnæmisbörn millifærðu styrki, 1.271.005 kr., sem Reykjavík Geothermal (RG) veittu CLF skv. samkomulagi á milli Alnæmisbarna og RG frá því í apríl 2009. Styrkur RG fer til þess að greiða laun starfsmanna CLF, leigu á húsnæði, vatn og rafmagn.

## 4. Candle Light Foundation

Samskipti á milli Candle Light Foundation og Alnæmisbarna voru ágæt á árinu 2011. Samskipti fara að mestu leiti fram í tölvupósti á milli formanns Alnæmisbarna og framkvæmdastjóra CLF. Það sem betur hefði mátt fara var að mikilvægar ákvarðanir í sambandi við smálánasjóðinn og húsnæði voru teknar án þess að leita fyrst til stjórnar Alnæmisbarna. Hér fyrir neðan er að finna nokkur atriði úr drögum af ársskýrslu CLF fyrir árið 2011. Lokaskýrsla mun vera sett í heild sinni á vef Alnæmisbarna.

## Starfsemi

Candle Light Foundation býður, fyrir utan formlega menntun, uppá óformlega menntun í kertagerð, bakstri, saumaskap, hárgreiðslu, sápuagerð, tölvunotkun, handiðn og skreytingu. Mennta- og íþróttamálaráðuneyti Úganda valdi CLF til þess að taka þátt í óformlegu þjálfunarverkefni á vegum ráðuneytisins árið 2010. Árið 2011 borgaði ráðuneytið samanlagt UGX 15.400.000 og fóru UGX 220.000 til þess að greiða þriggja mánaða námskeið fyrir hverja stúlku. Samtals tóku 70 stúlkur þátt í verkefninu og sátu þær námskeið í kertagerð (10), bakstri (20), klæðskeragerð (20) og hárgreiðslu (20). Á árinu kláruðu samanlagt 187 stúlkur nám við CLF og hafa 90% þeirra fengið starf.

Kertagerðin hefur gengið vel og jukust tekjur af henni um 51,8% frá árinu 2010. CLF tók lán úr smálánasjóði til þess að kaupa kertavél sem framleiðir 200 lítil kerti í hvert sinn. Forráðamenn stúlkna borguðu einnig hluta af rekstrarkostnaðnum og var framlag þeirra samanlagt UGX 7.862.300. Samkvæmt ársskýrslunni komu 58,4% af tekjum CLF frá kertasölu, annari sölu og framlagi frá umsjónarmönnum. Afgangurinn, 41,6%, voru tekjur frá samstarfsaðilum.

## **Áskoranir og áætlun 2012**

Mikið fjármagn fer í leigu á húsnæði. Í upphafi 2012 þurfti CLF að færa sig í annað húsnæði og hefur leigukostnaðurinn aukist. CLF á land sem það keypti árið 2007 með stuðningi Alnæmisbarna og er það notað til þess að rækta grænmeti handa stúlkum í verkþjálfun hjá CLF. Það er von CLF að geta byggt þar hús, verkmenntasetur, þar sem stúlkur sem eru í verkþjálfun geta búið á meðan á þjálfuninni stendur. En í dag þurfa margar stúlkur að ferðast langar vegalengdir til þess að koma til CLF og felur það í sér ferðakostnað fyrir þær. Teikning af húsinu og sundurgreind kostnaðaráætlun verkfræðingafyrirtækis í Kampala liggur fyrir. Samkvæmt áætluninni mun byggingin kosta um 3.557.000 kr.

Það eru ýmis vandamál þegar kemur að kertagerðinni. Það fer mikill kostnaður í að sækja vax þar sem það vantar fjármagn til þess að kaupa vax í miklu magni. Auk þess vantar kertaform en flest þeirra eru í lélegu ásigkomulagi og hefur það áhrif á magn og gæði kerta.

Það hafa verið rekstrarvandamál við smálánasjóðinn. Sumar stúlkur hafa ekki borgað til baka og er oft erfitt að finna þær. CLF hefur ákveðið að halda ekki áfram með smálánasjóðinn.

## **Starf Alnæmisbarna árið 2012**

Starfsemi Alnæmisbarna hefur verið í föstum skorðum á undanförunum árum. Utanumhald um félagið, stuðningur við skólastúlkur á vegum CLF, fjáröflun og samvinna og samband við CLF ásamt kynningu á Alnæmisbörnum hafa verið megin verkefni.

Árið 2012 er ýmislegt á dagskrá. Það eru þrjú ár síðan úttekt var gerð á starfsemi CLF. Ákveðið hefur verið að Sigríður Baldursdóttir muni fara til Úganda í tvær vikur í júní til þess að gera úttekt á starfseminni og skoða þætti eins og reksturinn almennt, smálánasjóðinn, skólagjöldin, starfsmannamálin, félagsráðgjafastöðuna, stöðu áhaldna og húsnæðismál. Einnig mun hún skoða hverjir möguleikarnir eru fyrir framtíðina. Í ferðinni mun Sigríður taka með föt til stúlkanna og barna þeirra ásamt nýjum kertaformum sem keypt verða í London.

Kostnaður við ferðina er haldinn í lágmarki. Gestur Gíslason borgaði flugmiða frá Íslandi til London, en flugmiðinn frá London til Úganda, 95.000 kr., er greiddur af kertasjóðnum sem er í vörslu Hildar Gestsdóttur. Sigríður notar annan styrk sem samsvarar verðinu á

miðanum til London upp í annan kostnað í Úganda. Á leiðinni tilbaka mun hún taka hálsfestar sem hægt er að selja með töluverðum hagnaði á Íslandi.

Í kjölfar ferðarinnar munu Alnæmisbörn mögulega undirbúa styrkumsókn til ÞSSÍ til þess að byggja hús. Einnig munu Alnæmisbörn athuga möguleika á samstarfi við menntaskóla til þess að afla fjármagns.

Heimasíðan hefur lítið verið uppfærð á árinu. Ástæðan fyrir því er að stjórnin hafði ekki aðgang að lykilorði fyrir umsjónarmann heimasíðunnar. Þar að auki vantar stjórnina þekkingu á rekstri heimasíðunnar. Á komandi ári verður lögð áhersla á að endurvinnna heimasíðuna þannig að það sé léttara fyrir þá sem skoða hana að nálgast upplýsingar um starfsemi Alnæmisbarna.

Áætlaður kostnaður vegna skólagöngu stúlkna á vegum CLF er um 900.000 kr. árið 2012. Ef tekjur af félagsgjöldum og styrkjum verða hinar sömu á árinu og árið 2011 má gera ráð fyrir að tekjuafgangur félagsins verði um 1.025.000 kr. í lok árs 2012.

Reykjavík, 3. apríl 2012.

Fh. stjórnar félagsins Alnæmisbörn

Sigríður Baldursdóttir, formaður Alnæmisbarna